

AUGLÝSING

Skrá yfir þau störf sem eru undanskilin verkfallsheimild, skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna með síðari breytingum, en falla undir 3.-8. tölulið 1. mgr. Um er að ræða öryggismönnun á hverri deild fyrir sig svo hægt sé tryggja að íbúar og þjónustubegar á Hrafnistu fái viðeigandi hjúkrun, heilbrigðisþjónustu og að öryggi þeirra sé tryggt.

Starfsheiti	Fjöldi stöðugilda	Stéttarfélag
Framkvæmdastj. Heilbrigðissviðs	1	FÍH
Forstöðumaður	8	FÍH og BHM

Mönnun hjúkrunarfæðinga í verkfalli

	Mönnun í verkfalli		
	Dagvakt	Kvöldvakt	Næturvakt
Hraunvangur			
Bylgjuhraun	2	2	0,25
Ölduhraun	2	2	0,25
Báruhraun	2	2	0,25
Sjávar- og Ægishraun	2	1	0,25
Samtals	8	7	1
Laugarás			
Lækjartorg	2	1	0,5
Sól- og Mánateigur	2	1	0,5
Vitatorg	2	1	0,5
Miklatorg/Engey	2	1	0,5
Samtals	8	4	1
Sléttuvegur			
Berg	2	1	0,25*
Foss	2	1	
Dagdvöl	1		
Samtals	5	2	0,25*
Skógarbær			
1. og 3. hæð	2	1	0,25*
2. hæð	2	1	
Samtals	4	2	0,25*
Ísafold			
Samtals	2	1	0,25*
Nesvellir			
Fell	2	1	
Nes	2	1	
Vík	2	1	1
Samtals	6	3	1

Boðafing

Lundur

2

1

0,25*

Kór

2

2

Samtals**4****3****0,25***

*Miðlægur hjúkrunarfræðingur sem deilist niður á fleiri heimili

Skráin öðlast gildi frá birtingu auglýsingar

Reykjavík, 15. janúar 2026

María Fjóra Harðardóttir

Forstjóri Hrafnistu

Rökstuðningur fyrir mönnun komi til verkfalls

Hlutverk hjúkrunarheimilis er að búa einstaklingum, sem ekki geta dvalið á eigin heimili með viðeigandi stuðningi, dvöl og aðstoð við athafnir daglegs lífs og veita þeim viðeigandi heilbrigðis- og félagsþjónustu. Þegar lífslok nálgast er það einnig hlutverk hjúkrunarheimilis að veita líknandi meðferð og meðferð við lífslok. Þjónustan skal byggjast á einstaklingsbundnu mati á heilsufarslegum og félagslegum þörfum íbúans og miða að því að mæta þörfum hans og stuðla að bestu mögulegu lífsgæðum, sjá lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra.

Meginviðfangsefni hjúkrunarheimila er að veita langtímahjúkrun, aðhlyningu og umönnun og félagslegan stuðning á faglegan og ábyrgan hátt sem byggist á umhyggju og virðingu fyrir íbúa og fjölskyldu hans.

Til vistunar á Hrafnistuheimilunum þarf hver heimilismaður að hafa verið metinn af færni- og heilsuástandarnefnd um þörf á þeirri hjúkrun sem þar er veitt. Íbúar á Hrafnistuheimilunum eru margir fjölveikir, bráðveikir, hreyfiskertir, heilabilaðir, með skert innsæi á eigið öryggi og jafnvel á líknandi meðferð og þurfa sólarhrings hjúkrun og fjölþátta umönnun.

Starf hjúkrunarfræðinga er afar mikilvægt og sinna þeir lykilhlutverki svo hægt sé að veita heimilismönnum viðeigandi hjúkrun, heilbrigðis- og öryggisþjónustu. Hjúkrunarfræðingar eru leiðtogar þegar kemur að faglegri þjónustu, eftirliti með gæðum og fræðslu til annarra. Hjúkrunarfræðingar á Hrafnistu eru sérfræðingar í sínu fagi og eru þungamiðjan í mótun á þjónustu við hóp sem krefst fjölbreytilegrar þekkingar á líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu sem og þekkingar á fjölskylduhjúkrun. Þeir skipuleggja og veita hjúkrun í samræmi við sýn og stefnu hjúkrunar og út frá þeim faglegu kröfum og hugmyndafræði sem Hrafnista leggur áherslu á hverju sinni að auki bera þeir ábyrgð á hjúkrun og að hún sé í samræmi við hjúkrunarþarfir heimilismanna ásamt því að efla félagslega virkni þar sem þarfir einstaklingsins eru hafðar að leiðarljósi.

Ábyrgðar- og verksvið hjúkrunarfræðinga er að bera ábyrgð á hjúkrunarstörfum og mati á árangri hjúkrunar sem veitt er, setja fram og viðhalda hjúkrunaráætlun fyrir íbúa. Þeir taka þátt í og bera ábyrgð í RAI mælingum á sínu heimili og endurskoða hjúkrunarþarfir í samræmi við niðurstöður RAI í samráði við starfsfólk. Hjúkrunarfræðingar eru ráðgefandi um klínísku meðferð heimilismanna og setja fram hjúkrunaráætlun í samráði við heimilismann, lækni og/eða aðstandendur, skipuleggur, veitir og skráir hjúkrun. Þeir meta veitta hjúkrun og gæði hennar í samráði við annað starfsfólk deildar. Hjúkrunarfræðingar greina hjúkrunarviðfangsefni ákveðins hóps heimilismanna og skráir viðeigandi hjúkrunarmeðferð, leiðbeina og ráðleggja samstarfsfólki og nemum með faglegri þekkingu sinni og fylgir eftir verkefnum á sínu ábyrgðasviði. Skipuleggja og veita fræðslu til heimilismanna og aðstandenda. Hjúkrunarfræðingar eru sýkingavarnastjórar á vakt og bera ábyrgð á að grundvallarreglum um sýkingavarnir sé fylgt, hafa yfirsýn yfir hverja vakt, sinna eftirliti með þeirri þjónustu sem veitt er og tryggja að gæði þeirrar þjónustu sem veitt er hverju sinni sé í samræmi við fyrirfram skilgreindar kröfur.

Að þeim sökum er afar brýnt að undanþága sé veitt fyrir umbeðin störf hjúkrunarfræðinga til að hægt verði að tryggja lágmarks heilbrigðisþjónustu og hjúkrun.

Óskað er eftir rökstuddum athugasemdum / samþykki Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga á þessum tillögum.